

REGLUGERÐ

um hámarkstölu vörubifreiða á Akureyri.

1. gr.

Bæjarstjórn getur, að fengnum tillögum Vörubilstjórafélagsins Vals og með samþykki samgöngumálaráðuneytisins, ákveðið hámarkstölu þeirra vörubifreiða á Akureyri, sem nota má til aksturs fyrir almenning gegn borgun.

2. gr.

Áður en bæjarstjórn ákveður hámarkstölu, samkv. 1. gr., skal félagið láta henni í té skýrslu um atvinnuhorfur stéttarinnar, og skal þar einnig greint frá, hvort fækkað hafi í stéttinni á s. l. tólf mánuðum, og ef svo er, þá um hve marga og hve margar inntökubeiðnir hafi borizt félaginu, svo og öðru því, er máli skiptir. Enn fremur skal félagið láta bæjarstjórn í té rökstudda tillögu um hámarkstölu vörubifreiða á næsta tímabili, sbr. 3. gr.

Áður en bæjarstjórn ákveður hámarkstölu, skal hún leita álits samtaka útvegsmanna og vinnuveitenda um málið.

3. gr.

Í októbermánuði ár hvert tekur bæjarstjórn ákvörðun um, hver hámarkstala skuli vera, og má hún aldrei vera lægri en tala starfandi vörubifreiða hjá Bifreiðastöðinni Stefni 1. þess mánaðar.

Ákvörðun samkv. 1. mgr. gildir eitt ár í senn, frá 1. nóvember til jafnlengdar næsta ár.

Ef atvinnuástand breytist verulega á tímabilinu, getur bæjarstjórn breytt ákvörðun um hámarkstölu, að fengnum tillögum þeirra aðilja, er getur í 2. gr., og samþykki samgöngumálaráðuneytisins.

4. gr.

Stjórn félagsins er skylt að veita bæjarstjórn allar þær upplýsingar, sem bæjarstjórn telur nauðsynlegar í sambandi við framkvæmd reglugerðar þessarar.

5. gr.

Reglugerð þessi tekur ekki til sendiferðabifreiða, né til vörubifreiða, sem eru í eigu einstakra atvinnufyrirtækja og hafa ekki afgreiðslu á Bifreiðastöðinni Stefni.

Ef ágreiningur ris um, hvort bifreið skuli teljast vörubifreið eða sendiferðabifreið, samkvæmt reglugerð þessari, sker bæjarráð úr.

6. gr.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt heimild í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 23 16. febrúar 1953, um leigubifreiðar í kaupstöðum, sbr. lög nr. 25 7. maí 1955, um breyting á þeim lögum, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 29. nóvember 1956.

Eysteinn Jónsson.

Brynj. Ingólfsson.